



Akraneskaupstaður

Lögreglustjóriinn á Vesturlandi
b.t. Úlfars Lúðvíkssonar lögreglustjóra
Bjarnarbraut 2
310 Borgarnes

Akranesi, 28. júlí 2016
1607050 RÁ/sas

Efni: Upplýsingar um löggæslu á Akranesi á tímabilinu 1. júlí 2013 til 1. júlí 2016.

Fyrir hönd bæjarráðs Akraness þakka ég þér kærlega fyrir komuna á fund ráðsins fyrr í morgun og upplýsingar um stöðu löggæslu á Vesturlandi og þá sérstaklega á Akranesi. Á fundinum fól bæjarráð undirritaðri að afla upplýsinga um þróunina í starfsemi lögreglunnar hér á Akranesi síðustu þrjú ár, svo sem fjölda stöðugilda, vaktaskipulag og fjölda mála á Akranesi. Um er að ræða tímabilið 1. júlí 2013 til 1. júlí 2016.

Eins og kom fram á fundinum hafa fulltrúar Akraneskaupstaðar miklar áhyggjur af naumum fjárveitingum til löggæslu á Vesturlandi, sérstaklega í ljósi nýjustu fréttta um afnám sólarhringsvakta á Akranesi. Það er mikilvægt fyrir bæjaryfirvöld að hafa upplýsingar og gögn um stöðu mála, svo sem yfirlit yfir helstu þætti í starfsemi lögreglunnar hér á Akranesi og hvernig þróunin hefur verið á undanförnum árum. Lögreglan er mjög þýðingarmikil í samfélagini og nauðsynlegt að standa vörð um það sem vel er gert en knýja jafnframt á um auknar fjárveitingar í takt við fjölgun verkefna og aukinn ferðamannastraum til landsins.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Regina Asvaldsdottir
bæjarstjóri